

330. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FIMMTUDAGINN 7. OKTÓBER 2021 KL. 9:00

haldinn á Biskupsstofu, Katrínartúni 4, 105 Reykjavík

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning
- 2) Fjármál og fasteignir
 - a) Yfirferð á stöðu fjármála
 - b) Fjárhagsáætlun 2022
 - c) Lóðarleigusamningar við sóknir
 - d) Árnes 1
- 3) Kirkjuþing
 - a) Aukakirkjuþing 4. október 2021
 - b) Yfirferð forseta kirkjuþings
- 4) Önnur mál
 - a) Stjórn Strandarkirkju
 - b) Boð frá norska kirkjuráðinu

1. FUNDARSETNING

Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands setti fund kl. 9:00 með ritningarlestri og bæn.

Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir og Svana Helen Björnsdóttir auk séra Axels Árnasonar Njarðvík og Stefáns Magnússonar sem sátu fundinn í gegnum fjarfundabúnað, *zoom*.

Jafnframt sátu fundinn Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Ásdís Clausen, fjármálastjóri, Ragnhildur Ásgeirsdóttir, settur skrifstofustjóri Biskupsstofu, og Pétur Georg Markan, biskupsritari, sem ritaði fundargerð en tvö síðarnefndu sátu fundinn í gegnum fjarfundabúnað.

Undir lið 2a, 2b, 3a og 3b sátu jafnframt fundinn Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings og Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfræðingur kirkjuþings sem sat fundinn í gegnum fjarfundabúnað.

Framkvæmdastjóri og biskup reifuðu stöðu helstu mála sem eru í vinnslu.

2. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

a) Yfirferð á stöðu fjármála

Fjármálastjóri ræddi um fjármál Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu, verkefnastöðu ýmissa mála á fjármálasviði og svaraði fyrirspurnum.

b) Fjárhagsáætlun 2022

Fjármálastjóri fór yfir drög að fjárhagsáætlun 2022 sem lögð verður fyrir kirkjuþing 23. október nk.

Kirkjuráð samþykkti að fjármálastjóri hefji undirbúning á breytingum á fjármálasviði.

c) Lóðarleigusamningar við sóknir

Farið var yfir stöðu sókna þar sem kirkjubygging er eign sóknar en land undir kirkju skráð eign Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu eða Kirkjumálasjóðs.

Kirkjuráð samþykkti með vísan til 2. gr. starfsreglna um prestssetur og aðrar fasteignir Þjóðkirkjunnar nr. 950/2009 að gerðir yrðu langtíma lóðarleigusamningar við sóknir í þessari stöðu um gjaldfrjálsa leigu meðan kirkjurnar sem um ræðir gegna hlutverki sem vígð guðshús. Er þetta gert til að tryggja sóknunum þinglýst lóðarréttindi.

d) Árnes 1

Lagt fram bréf dags. 23. september sl. þar sem leigutakar á prestsetursjörðinni Árnes 1, Árneshreppi, óska eftir breytingu á leigusamningi.

Kirkjuráð samþykkti að fresta afgreiðslu erindisins til næsta fundar en þá verður kirkjuþing búið að koma saman og fjalla um fasteignir Þjóðkirkjunnar.

3. KIRKJUÞING

a) *Mál sem voru afgreidd á aukakirkjuþingi 2021, 4. október sl.*

7. mál.

Þingsályktun um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar

Þingsályktunin felur í sér að yfirstjórn þjóðkirkjunnar verði skipt upp í tvö ábyrgðarsvið sem munu starfa náið saman. Annars vegar verður um að ræða biskupsstofu og hins vegar rekstrarskrifstofu.

Biskup Íslands gætir einingar kirkjunnar og hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og vígðri þjónustu og ber ábyrgð á öllu því er lýtur að þessari grunnþjónustu þjóðkirkjunnar ásamt viðeigandi miðlægri starfsemi og stoðþjónustu sem tengist þeirri þjónustu.

Rekstrarskrifstofa þjóðkirkjunnar starfar í umboði kirkjuþings. Framkvæmdastjóri rekstrarskrifstofu þjóðkirkjunnar, ráðinn af framkvæmdanefnd í umboði kirkjuþings, heyrir undir nefndina og fylgir eftir lögbundnu hlutverki kirkjuþings að því er varðar fjárstjórn, stefnumótun í rekstri og áætlanagerð.

Kirkjuþing kýs framkvæmdanefnd úr röðum kirkjuþingsmanna sem hefur í umboði kirkjuþings eftirlit með fjárhag og rekstri þjóðkirkjunnar og fylgir eftir ákvörðunum og áætlunum samþykktum af kirkjuþingi.

Hið nýja skipulag tekur gildi 1. janúar nk.

9. mál.

Þingsályktun um skipun starfshóps til tillögugerðar um áframhaldandi gildi starfsreglna kirkjuþings

Þingsályktunin felur í sér að skipaður er starfshópur þriggja kirkjuþingsfulltrúa til að fara yfir gildandi starfsreglur kirkjuþings og leggja mat á hvaða starfsreglur skuli halda gildi sínu áfram. Enn fremur fari starfshópurinn yfir það hvaða starfsreglur skuli teknar til endurskoðunar og hvort gildistími þeirra skuli þá framlengdur tímabundið fram á árið 2022, svo tími gefist til þeirrar endurskoðunar. Starfshópurinn vinni tillögur að starfsreglum samkvæmt framanskráðu og leggi fram á kirkjuþingi 2021-2022, eigi síðar en í nóvember mánuði 2021. Starfshópurinn fari einnig yfir þær réttarheimildir sem féllu brott samkvæmt 13. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, við gildistöku þeirra þann 1. júlí 2021 og geri tillögur til kirkjuþings 2021-2022, um hvort og þá hvað af efni þeirra skuli tekið upp í starfsreglur kirkjuþings.

Í starfshópnum sitja Anný Ingimarsdóttir, sr. Bryndís Malla Elíadóttir og Stefán Magnússon.

b) Yfirferð forseta kirkjuþings

Rætt var um kirkjuþing sem fyrirhugað er 23. október næstkomandi, fyrirkomulag og stöðu þingmála.

6. ÖNNUR MÁL

a) *Stjórn Strandarkirkju*

Skipa þarf nýjan varamann í stjórn Strandarkirkju.

Kirkjuráð samþykkti að skipa Ásdísi Clausen, fjármálastjóra, sem varamann.

b) *Boð frá norska kirkjuráðinu*

Lagt fram boðsbréf til biskups frá norska kirkjuráðinu, dags. 1. október 2021.

Kirkjuráð ræddi erindið og vonast til þess að hægt verði að senda íslenskan fulltrúa á norska kirkjuþingið í nóvember.

Fundi slitið kl. 13:30.

Næsti reglulegi fundur kirkjuráðs verður haldinn fimmtudaginn 4. nóvember nk.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Pétur G. Markan
biskupsritari

Séra Arna Grétarsdóttir

Séra Axel Árnason Njarðvík

Stefán Magnússon

Svana Helen Björnsdóttir